

## AUGLÝSING um breytingar á deiliskipulagi í Garðabæ.

### *Breyting á deiliskipulagi í Iðnbúð og Smiðsbúð.*

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt tillögu að breytingu á skipulagsskilmálum fyrir iðnaðar- og verslunarlóðir við Iðnbúð og Smiðsbúð. Í breytingunni felst m.a. að íbúðir verða heimilaðar í hverfinu að uppfylltum skilyrðum sem tiltekin eru í skipulagsskilmálum. Deiliskipulagið hefur fengið meðferð í samræmi við 1. mgr. 26. gr. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

### *Breyting á deiliskipulagi í Molduhrauni við Norðurhraun 1.*

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt tillögu að breytingu á deiliskipulagi við Norðurhraun 1. Í breytingunni felst að heimilað verður að reisa opið skýli á lóðinni. Deiliskipulagið hefur fengið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Ofangreindar breytingar öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

*F. h. Garðabæjar, 26. febrúar 2004.*

**Bergljót S. Einarsdóttir** skipulagsfulltrúi.